

Fundargerð 386

Miðvikudaginn 31. ágúst 2011 kl. 11:00 kom stjórn Byggðastofnunar saman til fundar að Ártorgi 1, Sauðárkróki. Þessir stjórnarmenn sátu fundinn; Þóroddur Bjarnason formaður, Ásta Dís Óladóttir varaformaður, Guðmundur R. Gíslason, Gunnar Svavarsson (við dagskrárlið 1 og 2), Sigurborg Kr. Hannesdóttir og Valdimar Hafsteinsson. Auk þeirra sátu fundinn Aðalsteinn Þorsteinsson forstjóri, Árni Snæbjörnsson (við dagskrárlið 1 og 2), Hjalti Árnason, Snorri Björn Sigurðsson og Magnús Helgason sem jafnframt ritaði fundargerð.

Ólöf Hallgrímsdóttir boðaði forföll.

Formaður setti fund kl. 11:30, bauð fundarmenn velkomna og lagði fram eftirfarandi tillögu að dagskrá:

1. Almennt um hlutverk og skyldur stjórnarmanna.
2. Rekstur og efnahagur – árshlutauppgjör.
3. Almenn kynning á stofnuninni.
4. Fundaáætlun til áramóta.

Dagskráin var samþykkt samhljóða.

1. Almennt um hlutverk og skyldur stjórnarmanna.

AP bauð stjórnarmenn velkomna og fjallaði um hlutverk og skyldur stjórnar, fundargögn til stjórnar, reglur um störf stjórnar Byggðastofnunar, upplýsingagjöf til stjórnarmanna, fyrirsvar fyrir stofnunin, hlutverk forstjóra, innherja og siðareglur.

HÁ fjallaði um stöðu stjórnarmanna sem innherja, eyðublöð sem dreift var með fundargögnum varðandi skráningu þeirra sem innherja og upplýsingagjöf til Fjármálaeftirlitsins.

Umræður urðu um hlutverk og stefnu Byggðastofnunar, meðhöndlun erinda sem berast stjórnarmönnum, tillögur nefndar um endurskoðun á lánastarfsemi Byggðastofnunar, siðareglur, reglur um starfsemi stjórnar ofl.

2. Rekstur og efnahagur - árshlutauppgjör.

AP hafði inngang með árshlutauppgjóri.

ÁS kynnti árshlutauppgjör Byggðastofnunar fyrir árið 2011. Hagnaður er 14,8 mkr. Eigið fé stofnunarinnar er neikvætt um 483 mkr. og eiginfjárhlutfall er -2,41%

GSV Leggur til að stjórn feli forstjóra að óska eftir framlengingu á fresti Fjármálaeftirlitsins sem rennur út 16. september nk.

GSV óskar eftir því fyrir næsta fund stjórnar, að stjórnendur verði búnir að skoða tillögur sem komu fram í skýrslu nefndar um endurskoðun á lánastarfsemi Byggðastofnunar sem heyra undir efnahagsreikninginn og kæmu með umsögn um þær tillögur.

Formaður bar upp árshlutauppgjör Byggðastofnunar 2011 og var það samþykkt samhljóða og að lokum dreift til undirritunar.

ÁS og GSV viku af fundi.

3. Almenn kynning á stofnuninni.

AÐ fór í gegnum stefnu Byggðastofnunar, feril lánsútsóknna, útlánasafn, lántökur, helstu áhættuþætti og fullnustueignir. HÁ, MH og SBS fóru síðan yfir helstu verkefni sinna sviða.

4. Fundaáætlun til áramóta.

Formaður bar upp eftirfarandi fundaáætlun:

- föstudaginn, 23. september 2011
- föstudaginn, 4. nóvember 2011
- föstudaginn, 9. desember 2011

Fundir verði alla jafna á skrifstofu Byggðastofnunar á Sauðárkróki.

5. Önnur mál.

Rætt um fundargerðir og birtingu þeirra.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 15:20

Magnús Helgason, fundarritari

_____	_____
_____	_____
_____	_____
_____	_____